

6. gr.

Verkfæranefnd er undanþegin allri ábyrgð og bótaskyldu vegna skemmda, sem verkfæri kann að verða fyrir við prófunina, nema sérstakar ástæður komi til.

7. gr.

Umsækjanda eða umboðsmanni hans er heimilt að vera viðstaddur prófun viðkomandi verkfæris. Að öðru leyti ákveður Verkfæranefnd í hvert sinn, hverjum er heimilt að fylgjast með verkfæraprófunum.

8. gr.

Verkfæranefnd skal senda umsækjanda skýrslu um niðurstöður prófunar svo fljótt sem unnt er að henni lokinni. Honum er óheimilt án leyfis nefndarinnar að nota skýrsluna í auglýsingaskyni eða á annan hátt til framdráttar viðkomandi verkfæri, fyrr en Verkafæranefnd hefur birt skýrslu sína opinberlega.

9. gr.

Verkfæranefnd gefur út opinbera skýrslu um niðurstöður prófana á verkfærum, sem eru til sölu á hérlendum markaði.

10. gr.

Eftir að skýrslu Verkfæranefndar um verkfæraprófanir hefur birzt, er framleiðendum eða umboðsmönnum þeirra heimilt að nota niðurstöður hennar varðandi viðkomandi verkfæri í auglýsingaskyni. Þó aðeins á þann hátt að birta orðrétt skýrslu um viðkomandi verkfæri í heild eða lokaorð Verkfæranefndar. Hins vegar er óheimilt að draga út úr skýrslunni einstakar málsgreinar eða tölflur til birtingar, nema með samþykki Verkfæranefndar.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 64 7. maí 1940, um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 12. apríl 1962.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

um vinnumiðlun í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956, um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Hríseyjarhreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956, um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1962.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.